Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
**Fundargerð**

**Fundur nr. 268 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps verður haldinn fimmtudaginn 13. júní 2019 kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.**
**Fundin sitja ásamt undirrituðu nefndarfólki og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalsh repps.**

**Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekið utan auglýstrar dagskrár:**

**Þéttbýlisuppdráttur - Breyting á aðalskipulagi**
Lögð er fram til samþykktar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps – Þéttbýlisuppdráttur. Tillagan var auglýst frá 1. apríl 2019 til 17. maí 2019.

Skipulagsnefnd samþykkir að taka málið fyrir og að það verði liður númer 8 á málaskrá.

*-Samþykkt samhljóða*

**Strandvegur 16 – Umsókn um byggingarleyfi**
Jóhannes Kristjánsson sækir um byggingarleyfi fyrir sólstofu á suðvesturhlið íbúðar 0102 að Strandvegi 14-18. Aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

Skipulagsnefnd samþykkir að taka málið fyrir og að það verði liður númer 9 á málaskrá.

*-Samþykkt samhljóða*

## Dagskrá fundarins:

## I. Skipulagsmál:

1. **Mylluland 9 – Umsókn um stöðuleyfi.**
Matthías Jón Björnsson sækir um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir við Mylluland 9, skv. umsókn, gert er ráð fyrir verkfærageymslu, salerni og kaffiaðstöðu.

*-Samþykkt samhljóða*

2. **Sunnubraut 27 – Umsókn um stöðuleyfi.**

Rafsuð ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir 2 til 3 gámaeiningar (vinnubúðir) við Sunnubraut 27, við vesturgafl hússins.

*-Samþykkt samhljóða*

3. **Sunnubraut 18 – Umsókn um endurnýjun byggingarleyfi.**
Drífa Bjarnadóttir sækir um endurnýjun á byggingarleyfi fyrir fiskvinnsluhús við Sunnubraut 18. Aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

Drífa Bjarnadóttir víkur af fundi.
Nefndin samþykkir umsóknina með vísan í byggingareglugerð með tilliti til brunavarna.
Drífa kemur aftur inná fundinn.

*-Samþykkt samhljóða*

4. **Ytri-Sólheimar 1 – Umsókn um byggingarleyfi.**
Benedikt Bragason sækir um byggingarleyfi fyrir hreinlætisaðstöðu á Sólheimasandi. Aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

Nefndin fer fram á að umsækjandi leiti umsagnar Vegagerðarinnar vegna staðsetningar áður en nefndin tekur afstöðu til umsóknarinnar. Jafnframt fer nefndin fram á að önnur salernisaðstaðan verð hönnuð fyrir hreyfihamlaða.

*-Samþykkt samhljóða*

5. **Smiðjuvegur 7**
Aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

Nefndin vekur athygli á fyrri athugasemdum við uppdrátt og gefur umsækjanda frest til 10. ágúst 2019 til að bregðast við þeim.

*-Samþykkt samhljóða*

6. **Vaktað svæði**
Umræða um staðsetningu vaktað svæði Víkur.

Ákvörðun frestað þar til frekari skipulagning svæðisins liggur fyrir.

*-Samþykkt samhljóða*

7. **Austurhluti Víkur – Breytingar á aðal- og deiliskipulag**
Umræða um breytingar á austurhluta Víkur.

Ákvörðun frestað til næsta fundar.

*-Samþykkt samhljóða*

8. **Þéttbýlisuppdráttur - Breyting á aðalskipulagi**
Lögð er fram til samþykktar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps – Þéttbýlisuppdráttur. Tillagan var auglýst frá 1. april 2019 til 17. maí 2019.

Nefndin samþykkir tillöguna.

*-Samþykkt samhljóða*

9. **Strandvegur 16 – Umsókn um byggingarleyfi**
Jóhannes Kristjánsson sækir um byggingarleyfi fyrir sólstofu á suðvesturhlið íbúðar 0102 að Strandvegi 14-18. Aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

Nefndin samþykkir umsóknina með fyrirvara um grenndarkynningu og felur byggingafulltrúa að ljúka málinu. Nefndin samþykkir að athugasemdafrestur vegna grenndarkynningar verði að hámarki 10 dagar.

*-Samþykkt samhljóða*

## II. Til kynningar:

1. **Norður-Foss – Kynning á byggingarleyfi**
Kynning á leyfi fyrir niðurrif á Mhl.06 og Mhl.08 á Norður-Foss.

Fundi slitið klukkan 18:20

Drífa Bjarnadóttir, formaður

Guðrún Hildur Kolbeins

Óðinn Gíslason

Kristján Þórðarson

Jónas Erlendsson